

Greinargerð samstarfsráðherranna um frjálsa för og stjórnsluhindranir til þings Norðurlandaráðs 2019

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
1. Inngangur	2
2. Framkvæmdaáætlun um frjálsa för milli Norðurlanda	2
3. Vinnan við að ryðja stjórnsluhindrunum á Norðurlöndum úr vegi	4
4. Afnáam eða afgreiðsla núverandi stjórnsluhindrana	4
5. Komið í veg fyrir nýjar stjórnsluhindranir	6
6. Að efla upplýsingaþjónustuna og gera hana skilvirkari	7
7. Annað starf á tímabilinu 2018–2019.....	8
Fylgiskjal 1 – Staða forgangsmála Stjórnsluhindranaráðs	11
Fylgiskjal 2 – Greinargerð fagsviðanna	22



1. Inngangur

Samþætting og frjálsa för milli landa hafa verið meðal höfuðmarkmiða norræns samstarfs um margra ára skeið – og svo var einnig áður en Norræna ráðherranefndin var sett á stofn. Dæmi um það er að norrænt löggjafarsamstarf byggist á langri og ágætri hefð sem nær allt aftur fyrir aldamótin 1900. Grundvallarsamningar sem tryggja frjálsa för milli Norðurlanda, svo sem vegabréfasambandið, sameiginlegur vinnumarkaður, félagsmálasáttmálinn og sameiginlegur menntamarkaður, bera vott um góðan árangur af formlegu samstarfi Norðurlanda á fyrstu árunum eftir heimsstyrjöldina síðari.

Afnám stjórnsýsluhindrana hefur verið meðal höfuðviðfangsefna norrænnar samvinnu, einkum frá fyrstu árum þessarar aldar. Markmið samvinnunnar hefur um margra ára skeið verið „Norðurlönd án landamæra“.

Sú framtíðarsýn að gera Norðurlönd að samþættasta svæði veraldar samræmist því vel hvernig norræn samvinna hefur þróast fram að þessu. Frjálsa för milli landa og samþætting Norðurlandanna eru meðal meginstoða norrænnar samvinnu. Framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um frjálsa för milli Norðurlanda 2019–2021, sem samþykkt var á fundi samstarfsráðherranna í febrúar 2019, er enn eitt skrefið í átt að gera Norðurlönd að samþættara svæði með fleiri möguleikum og færri stjórnsýsluhindrunum.

Greinargerðin sem hér birtist er yfirlit um það sem gert hefur verið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar til að auðvelda frjálsa för milli Norðurlanda á tímabilinu 1. júlí 2018 til 30. júní 2019.

2. Framkvæmdaáætlun um frjálsa för milli Norðurlanda

Markmið framkvæmdaáætlunarinnar er að styðja þá framtíðarsýn forsætisráðherranna að Norðurlönd verði samþættasta svæði veraldar með því að safna saman í einu skjali upplýsingum um allar aðgerðir sem ráðist hefur verið í til að auðvelda frjálsa för milli landanna.

Allar fagráðherranefndir Norrænu ráðherranefndarinnar hafa lagt sitt að mörkum með því að skilgreina markmið og móta aðgerðir.

Aðgerðir samkvæmt framkvæmdaáætluninni eru í meginatriðum af tvennu tagi:

- 1) *Aðgerðir sem stuðla að frjálsri för með beinum hætti*, þ.e. tryggja Norðurlandabúum – meðal annars börnum og ungmennum, námsfólki, kennurum, fræðimönnum, listamönnum og atvinnuleitendum – góð tækifæri til að ferðast til annars norræns ríkis en heimalandsins til náms eða starfa.



- 2) *Aðgerðir sem greiða fyrir frjálsri för (undir þetta fellur m.a. afnám stjórnsýsluhindrana)*, þ.e. hafa það markmið að skapa betri forsendur fyrir frjálsri för einstaklinga og fyrirtækja milli Norðurlandanna.

Aðgerðaáætlunin felur einnig í sér *aðgerðir sem varða málskilning og norræna samkennd og menningu*, en slíkir þættir eru sjálfur grundvöllur frjálsrar farar og samþættingar á Norðurlöndum. Auk þess sem nefnt hefur verið er *upplýsingastarfið* kjarnaverkefni. Unnið er með það að markmiði að gera bestu tiltækar upplýsingar aðgengilegar þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem hyggjast flytja frá einu norrænu ríki til annars.

Vinnan við afnám stjórnsýsluhindrana er einn af helstu þáttum þess starfs sem unnið er í Norrænu ráðherranefndinni til að auðvelda frjálsa för milli Norðurlanda. Í framkvæmdaáætluninni er það markmið sett að Stjórnsýsluhindranaráð stuðli að því, á grundvelli starfsumboðs síns og í samvinnu við stofnanir sem starfa á héraðs- eða landsvísu, fagráðherranefndirnar og ráðuneyti sem sinna þessum málaflokki, að ár hvert verði afgreiddar 8–12 stjórnsýsluhindranir sem takmarka frjálsa för almennings og fyrirtækja.

Meðal annarra helstu markmiða áætlunarinnar má nefna:

- 1) að koma á fót norræn-baltnesku svæði án landamæra, meðal annars með því að koma því til leiðar að rafræn auðkenni njóti viðurkenningar yfir landamæri,
- 2) að vinna að samræmingu norrænna byggingastaðla,
- 3) að tryggja að starfsréttindi njóti sjálfvirkrar viðurkenningar milli ríkjanna.

Stjórnsýsluhindranaráð hefur litið á framangreindar þrjár stjórnsýsluhindranir sem forgangsmál og í nýju framkvæmdaáætluninni er gengið skrefinu lengra með því að færa þær ofar á vettvangi stjórnmalanna, sjá einnig fylgiskjal 2.

Fyrirhugað er að styrkja upplýsingastarfið enn frekar á þessu tímabili, jafnt á vettvangi Norðurlandasamstarfsins, en þar hefur upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar, Info Norden, fengið nýtt og aukið hlutverk, sem á vettvangi landamærasvæða fyrir tilstuðlan upplýsingaskrifstofanna sem þar eru starfræktar. Upplýsingaskrifstofurnar gegna lykilhlutverki í allri vinnu við að auðvelda frjálsa för og ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi sökum þess að tengslin við almenning og fyrirtæki myndast í gegnum þær.

Fyrirhugað er að samstarfsráðherrarnir fái í hendur á árinu 2020 fyrsta heildaryfirlit um hvernig vinnunni við markmið og aðgerðir framkvæmdaáætlunar um frjálsa för milli Norðurlanda miðar.


Framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um frjálsa för milli Norðurlanda 2019–21 er að finna hér:

<http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1290244/FULLTEXT01.pdf>



3. Vinnan við að ryðja stjórnsýsluhindrunum á Norðurlöndum úr vegi

Samstarfsráðherrarnir settu Stjórnsýsluhindranaráð á laggirnar árið 2014 að frumkvæði forsætisráðherranna. Eftir að ráðið tók til starfa hafa 58 stjórnsýsluhindranir hlotið afgreiðslu að tilstuðlan þess.



Stjórnsýsluhindranaráð varpar ljósi á vandkvæði sem tengjast frjálstri för almennings og fyrirtækja milli Norðurlandanna í samstarfi við stofnanir sem sinna því verkefni að leita uppi stjórnsýsluhindranir og ryðja þeim úr vegi, og stuðlar þannig bæði að auknu gagnsæi og víðtækri þátttöku í starfi ráðsins.

Verkefni Stjórnsýsluhindranaráðs skiptast í þrjú áherslusvið:

1. Að afnema eða afgreiða stjórnsýsluhindranir sem nú eru milli norrænu ríkjanna.
2. Að koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir verði til.
3. Að efla upplýsingaþjónustuna og gera hana skilvirkari.

4. Afnáam eða afgreiðsla núverandi stjórnsýsluhindrana

Vinnan við afnáam eða afgreiðslu stjórnsýsluhindrana hefst með því að ábendingar berast um slíkar hindranir, oftast frá norrænu upplýsingaskrifstofunum í framhaldi af fyrirspurnum almennra borgara og fyrirtækja um flutning yfir landamæri. Gagna er aflað og Stjórnsýsluhindranaráð skráir stjórnsýsluhindranirnar í gagnagrunn sinn. Á



grundvelli upplýsinga í gagnagrunninum velja fulltrúar í Stjórnsýsluhindranaráði á hverju ári nokkurn fjölda stjórnsýsluhindrana sem þeir vilja sinna sérstaklega.

Vinnunni við að ryðja hverri hindrun úr vegi er haldið áfram þar til árangur næst eða hlutaðeigandi ráðuneyti eða stjórnvald tilkynnir að engin lausn hafi fundist. Hlutverk Stjórnsýsluráðs er eingöngu að knýja á um breytingar; stjórnsýsluhindrunum verður aðeins rutt úr vegi fyrir tilstuðlan ráðamanna og stjórnvalda á Norðurlöndum, og þá með samningum eða breytingum á gildandi reglum í hverju ríki um sig.

Stjórnsýsluhindranaráð: hindranir sem hlutu afgreiðslu frá 1. júlí 2018 til 30. júní 2019

Á tímabilinu 1. júlí 2018 til 30. júní 2019 hlutu afgreiðslu 13 þeirra stjórnsýsluhindrana sem ráðið hafði skilgreint sem forgangsmál. Tíu hindrunum var rutt úr vegi og þrjú mál voru felld niður í hlutaðeigandi ráðuneyti.

Eftirtalin mál voru leyst:

1. Umsókn um framhaldsskólanám í Noregi
2. Innflutningur á norskum laxaseiðum til Svíþjóðar
3. Fjögurra mánaða reglan í Finnlandi
4. Kröfur sem varða ferðaskilríki í tengslum við flug innan Norðurlanda
5. Óljós réttur til almannatrygginga hjá þeim starfsmönnum EES sem vinna bæði í Svíþjóð og Danmörku
6. Kröfur um gögn vegna skráningar í þjóðskrá í Noregi
7. Réttur til starfsleyfis til að sinna pólitísku starfi í öðru norrænu ríki (leyst í Noregi)*
8. Viðurkenning á grænlandskum ökuskírteinum (leyst í Danmörku)*
9. Norrænir sjúkraliðar í Danmörku – veiting réttinda/heimildar til að starfa sem *social- og sundhedsassistent* (leyst að því er varðar *helsefagmedarbejder* frá Noregi)*
10. Lægri fæðingarorlofsgreiðslur vegna námslána eða námsstyrkja frá „röngu“ landi

* Mál sem merkt eru með * hafa verið leyst að hluta, þ.e. ekki í öllum hlutaðeigandi ríkjum.

Nokkur dæmi um góðan árangur (varða 3., 6. og 7. lið):

- Þeir íbúar í öðru norrænu ríki sem hafa starfað sem launþegar í Finnlandi skemur en 4 mánuði njóta nú fullrar aðildar að almannatryggingum í Finnlandi þar sem þeir vinna. Áætlað er að hér sé um að ræða 1.500 einstaklinga.



- Við skráningu Norðurlandabúa í þjóðskrá í Noregi hafa komið í ljós vandkvæði sem tengjast ströngum kröfum um framlagningu gagna og misræmi í málsmeðferð í norska stjórnsýslukerfinu. Stjórnsýsluhindranaráð tók málið upp og hefur nú fengið þær upplýsingar frá stjórnvöldum í Noregi að vandinn hafi verið leystur.
- Starfsfólk sem sækir vinnu í Noregi frá öðru norrænu ríki (um 35.000 launþegar) njóta nú sömu lýðræðislegu réttinda og starfsfólk í heimaríkinu. Þetta þýðir að samkvæmt nýrri norski löggjöf er starfsfólki sem sækir vinnu í Noregi frá öðru landi heimilt að taka sér leyfi frá störfum til að sinna stjórnmalastörfum í heimasveitarfélagi sínu (t.d. að sækja nauðsynlega fundi sem fulltrúar í sveitarstjórn eða sinna störfum sem *kommunalaråd* í sænsku nágrannasveitarfélagi). Stjórnsýsluhindranaráð hyggst vinna áfram að þessu máli til þess að ná fram lausn fyrir öll Norðurlönd.

Mál sem felld hafa verið niður (stjórnsýsluhindranir sem teknar voru til umfjöllunar en hlutaðeigandi ráðuneyti gátu ekki leyst úr)

1. Tilhögun skattskila í Noregi torveldar framkvæmd verkefna í byggingariðnaði
2. Tímafrek formsatriði vegna millilandaflutninga á sýnum úr sjávarspendýrum
3. Tímabundinn flutningur á hestum milli Noregs og Svíþjóðar

Frekari upplýsingar um stjórnsýsluhindranir sem Stjórnsýsluhindranaráð hefur gert að forgangsmálum, svo og um vinnu einstakra sviða við að ryðja slíkum hindrunum úr vegi, er að finna í fylgiskjölum 1 og 2.

5. Komið í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir

Annar þáttur vinnunnar við afnám stjórnsýsluhindrana er að koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir verði til.

Í framkvæmdaáætlun um frjálsa för milli Norðurlanda 2019–2021 kemur fram hvernig þeirri fyrirbyggjandi vinnu verður háttað. Áformað er að hver fagráðherranefnd sinni fyrirbyggjandi starfi á sínu sviði og tryggi eftir föngum að framkvæmd Evrópulöggjafar verði með sama hætti í öllum norrænu ríkjunum, og að ríkin hafi samráð sín í milli þegar unnið er að setningu nýrra laga eða reglna til þess að koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir verði til.

Stjórnsýsluhindranaráð og upplýsingaskrifstofurnar sinna einnig fyrirbyggjandi starfi. Dæmi um það er málþing um langan afgreiðslutíma ESB-mála á sviði almannatrygginga sem skrifstofa Stjórnsýsluhindranaráðs hélt í Helsinki haustið 2018 í samvinnu við Info Norden og finnsku lífeyrisstofnanirnar Pensionsmyndningarmiðstöðina og Folkpensionsanstalten.



Á málþinginu héldu reyndir starfsmenn almannatrygginga hvaðanæva af Norðurlöndum erindi sem ætlað var að auka gagnkvæman skilning á almannatryggingakerfum landanna. Fjallað var um nýjar leiðir til að bæta starfið á þessu sviði. Til dæmis mætti stytta afgreiðslutíma milli Norðurlandanna með því að auka notkun öruggra tölvuskeytasendinga.

Til athugunar er að halda framhaldsráðstefnu árið 2020.

6. Að efla upplýsingaþjónustuna og gera hana skilvirkari

Fjármunir til rekstrar Info Norden og upplýsingaskrifstofa landamærasvæðanna koma ýmist að öllu leyti eða að hluta frá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Upplýsingaskrifstofurnar sinna þrenns konar verkefnum fyrir Stjórnsýsluhindranaráð.

1. Að fræða einstaklinga sem flytjast milli Norðurlanda um reglurnar sem gilda í hverju landi og til hvaða stjórnvalda ber að leita.
2. Að vinna úr ábendingum um stjórnsýsluhindranir og tilkynna þær skrifstofu Stjórnsýsluhindranaráðs með það fyrir augum að byggja upp norrænan gagnagrunn um stjórnsýsluhindranir.
3. Að halda lausnamiðaða vinnufundi.

Starfið sem unnið er hjá Info Norden og upplýsingaskrifstofunum þremur fyrir landamærasvæði fellur einnig undir framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar um frjálsa för milli Norðurlanda 2019–2021, sjá markmiðið um að styrkja upplýsingastarfsemi á Norðurlöndum. Upplýsingaskrifstofurnar fengu á tímabilinu 1. júlí 2018–30. júní 2019 samtals meira en 1.400.000 heimsóknir á vefsíður og einstaklingssamskipti hafa átt sér stað rúmlega 45.000 sinnum (heimsóknir, tölvuskeyti, símtöl og hópheimsóknir).

	Besök webb	Facebook fólgjare	Twitter fólgjare	Personlig betjning	informationstráffar och Seminarier
Info Norden	249 840	9 250	1 273	1 321	1 040
Øresunddirekt	938 097	1 850	718	13 970	7 343
Grensetjänsten NO/SE	219 794	780	96	15 473	1 737
Nordkalottens gränstjänst SE/FI/NO	22 031	710	153	2 743	1 783
Totalt	1 429 762	12 590	2 240	33 507	11 903

**Mikil fækkun heimsókna á vefsíður Info Norden og fyrirspurnar til skrifstofunnar stafar af því að vefsíður Info Norden hafa raðast illa í leitarvélum stóran hluta tímabilsins. Aðrar vefsíður á norden.org höfðu verið fluttar í nýtt vefumsjónarkerfi, en síður Info Norden voru enn vistaðar á undirléni. Síður Info Norden voru fluttar í nýjar vefumsjónarkerfið í lok febrúar 2019.*



Vinnan við afnám stjórnsýsluhindrana varð skilvirkari við það að skrifstofa Stjórnsýsluhindranaráðs kom upp sameiginlegum samstarfsvettvangi í samstarfi við upplýsingaskrifstofurnar, svonefndum LOTS-hópi (á sænsku „den Nordiska Lösningfokuserade Orienterande Tjänstgörande Samordnare-gruppen“). Hópurinn kemur saman þrisvar á ári.

Ítarlegri upplýsingar um upplýsingaskrifstofurnar má lesa hér:
<http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1345331/FULLTEXT01.pdf>

7. Annað starf á tímabilinu 2018–2019

Hér fyrir neðan er að finna stutta lýsingu á starfinu sem unnið hefur verið á sviði frjálsrar farar og að því er varðar skipulag Stjórnsýsluhindranaráðs og samskipti við stofnanir í öðrum löndum.

7.1 Starfsemisskýrsla í stað ársskýrslu

Stjórnsýsluhindranaráð gaf ekki út ársskýrslu árið 2018; þess í stað verður tekin saman starfsemisskýrsla fyrir tímabilið 1. janúar 2018–30. júní 2019 (18 mánaða tímabil). Þetta er gert til þess að starfsemisskýrslan taki til sama tímabils og greinargerðin sem samin er fyrir samstarfsráðherrana.

Starfsemisskýrslan verður birt haustið 2019 í rafrænni útgáfu. Þar er um að ræða sjálfbærari lausn en áður hefur verið notuð, auk þess sem auðveldara verður að vekja athygli á efni skýrslunnar í rafrænum miðlum.

7.2 Gagnagrunnur um stjórnsýsluhindranir

Til þess að tryggja að fulltrúar í Stjórnsýsluhindranaráði hafi sem áreiðanlegastar upplýsingar í höndum við forgangsröðun nýrra stjórnsýsluhindrana og í úrvinnslu eldri forgangsmála er mikilvægt að uppfærsla gagnagrunns um stjórnsýsluhindranir eigi sér stað árlega.

Öll mál í gagnagrunninum sem enn eru óleyst eða felld hafa verið niður (um 60 talsins) hafa á skýrslutímanum verið til meðferðar hjá hlutaðeigandi ráðuneytum til gæðaeftirlits og uppfærslu. Á grundvelli svara frá ráðuneytum hefur skrifstofa Stjórnsýsluhindranaráðs getað tryggt að upplýsingar í gagnagrunni um stjórnsýsluhindranir séu réttar. Auk mála sem þegar höfðu verið skráð hafa upplýsingaskrifstofurnar gert grein fyrir og tilkynnt nýjar stjórnsýsluhindranir, sem síðan hafa gengist undir gæðaeftirlit.



Vorið 2019 var gagnagrunnurinn jafnframt færður yfir í nýtt kerfi. Nýja gagnagrunninn er að finna á slóðinni

<https://www.norden.org/is/gagnagrunnurumstjornsysluhindranir>

7.3 Vefgátt

Í samræðum við aðila vinnumarkaðarins hefur komið fram að setja þurfi upp upplýsingagátt fyrir atvinnulífið. Norræna ráðherranefndin hefur opnað vefgátt fyrir atvinnurekendur á Norðurlöndum, og er henni einkum ætlað að þjóna litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Til þess að styrkja vefgáttina í sessi og kynna hana betur á Norðurlöndum hefur skrifstofan farið þá leið að leggja sérstaka áherslu á markaðssetningu, m.a. með leitarvélabestun (SEO).

<http://nordenbusiness.org/is>

7.4 Stjórnsýsluhindranahópurinn

Stjórnsýsluhindranahópurinn er skipaður þingmönnum úr öllum nefndum Norðurlandaráðs. Hlutverk hópsins er að fylgjast með málum á sviði stjórnsýsluhindrana og styðja Stjórnsýsluhindranaráð í störfum sínum, meðal annars með umfjöllun á vettvangi stjórnmalanna um aðstæður sem takmarka frjálsa för milli Norðurlandanna. Stjórnsýsluhindranahópurinn og Stjórnsýsluhindranaráð hafa komið saman til fundar tvisvar á tímabilinu og stefnt er að reglulegum samskiptum í því skyni að samræma starfið. Á næstliðnum fundi, sem var haldinn 8. apríl, hittu fulltrúar hvers ríkis í Stjórnsýsluhindranaráði landa sína í stjórnsýsluhindranahópnum og þótti það gott framtak sem hvert land gæti nýtt sér í vinnunni við afnám stjórnsýsluhindrana í framtíðinni.

7.5 Alþjóðastarf

Starf Stjórnsýsluhindranaráðs vekur eftir sem áður athygli á alþjóðavettvangi og vart hefur orðið aukins áhuga á því hvernig samstarfið um afnám stjórnsýsluhindrana er skipulagt. Því vinnulagi Stjórnsýsluhindranaráðs að leita samstarfs við bæði héraðsbundnar stofnanir og stofnanir sem starfa á landsvísu eða á norrænum vettvangi í þeim tilgangi að auðvelda frjálsa för hefur verið lýst með þeim orðum að það sé til fyrirmyndar um hvernig standa beri að afnámi stjórnsýsluhindrana. Af því tilefni hefur Stjórnsýsluhindranaráði verið boðið að kynna skipulag starfsemi sinnar á alþjóðlegum ráðstefnum.



Cross-border cooperation North Rhine-Westphalia/NL

Stjórnsýsluhindranaráði var boðið að kynna starfsemi sína og skipulag í Brussel hinn 27. september 2018 fyrir fulltrúum 20 mismunandi stofnana, þeirra á meðal DG-Regio (framkvæmdastjórn Evrópusambandsins), ITEM og cross-border cooperation North Rhine-Westphalia/NL. Í kjölfar ráðstefnu sem DG-Regio hélt ásamt Stjórnsýsluhindranaráði í Kaupmannahöfn í janúar 2018 lýstu m.a. Maastricht University og Benelux áhuga á að leita til ráðsins til þess að fræðast betur um samstarf Norðurlandanna um afnám stjórnsýsluhindrana og komast að því hvort áþekk tilhögun gæti hentað þessum löndum.

ITEM

Stjórnsýsluhindranaráð tók þátt í árlegri ráðstefnu ITEM (Institute for Transnational and Euregional cross-border cooperation and Mobility) sem haldin var í Brussel dagana 15.–16. nóvember 2018 í samvinnu við svæðanefnd Evrópusambandsins og DG-Regio (framkvæmdastjórnina). Ráðstefnuna sátu fulltrúar ýmissa landamærasvæða í Evrópu og Stjórnsýsluhindranaráð kynnti þar aðferðirnar sem það hefur unnið eftir og tók þátt í umræðum með yfirskriftinni „cross-border cooperation; challenges ahead“.

CESCI

Dagana 25.–26. apríl 2019 sótti Stjórnsýsluhindranaráð alþjóðlega ráðstefnu á vegum CESCI (Central European Service for Cross-border Initiatives) í Budapest. Ráðið tók þátt í pallborðsumræðum um „Cross-Border Policy Making“ og kynnti skipulag starfsemi sinnar undir yfirskriftinni „The Nordic Model of Freedom of Movement“.

Stjórnsýsluhindranaráðið sendi einnig fulltrúa á ráðstefnuna „Legal accessibility among V4 countries“ í Košice dagana 19–20. júní 2019 og kynntu þeir starfsemi ráðsins og tóku þátt í pallborðsumræðum með yfirskriftinni „Legal accessibility in Europe“ ásamt fulltrúum annarra stofnana sem sinna málefnum landamærasvæða, háskólasamfélagsins, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins o.fl. Ráðstefnan var haldin á vegum CESCI og var hún lokaráræfni verkefnis sem naut fjárveitingar frá Visegrad Fund. Verkefnið hafði það markmið að koma á laggirnar, fyrst og fremst með því að draga lærdóm af starfi Norðurlandanna á þessu sviði, kerfi sem Visegrád-ríkin – V4 – gætu notað til að ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum milli landanna.



Fylgiskjal 1 – Staða forgangsmála Stjórnsýsluhindranaráðs

Staða forgangsmála Stjórnsýsluhindranaráðs

Fulltrúar í Stjórnsýsluhindranaráði hafa hver og einn valið nokkrar stjórnsýsluhindranir sem þeir vilja sinna sem forgangsmálum. Í nokkrum tilvikum sinna tveir eða fleiri fulltrúar tiltekinni stjórnsýsluhindrun í sameiningu.

Á tímabilinu frá 1. júlí 2018 til 30. júní 2019 hlutu 13 stjórnsýsluhindranir afgreiðslu. Þar af var 10 hindrunum rutt úr vegi en 3 mál ákváðu hlutaðeigandi ráðuneyti að fella niður, en það merkir að vinnu við þær hindranir verður hætt.

Hér fyrir neðan er stöðu hvers forgangsmáls lýst í stuttu máli.

Hindranirnar eru flokkaðar með aðstoð fjögurra lita.

Blátt merkir að endanlegt svar hafi borist frá hlutaðeigandi ráðuneyti og hindrunin hlotið afgreiðslu. Það þýðir að hindruninni hafi verið rutt úr vegi eða að löndin hafi ákveðið að fella málið niður og reyna ekki frekar að finna lausn á því.

Grænt merkir að unnið er eftir áætlun sem viðkomandi fulltrúi hefur gert um hvernig afla megi endanlegra svara við því hvort ryðja megi hindruninni úr vegi.

Gult merkir að vinna er hafin við hindrunina að einu eða öðru leyti.

Rautt merkir að hindrunin er sem stendur ekki forgangsmál hjá hlutaðeigandi ráðuneytum eða stjórnvöldum.

Hindranir sem hlutu afgreiðslu frá 1. júlí 2018 til 30. júní 2019

Hér á eftir fylgir greinargerð um hindranir sem rutt var úr vegi og mál sem felld voru niður.

Lausn fundin í hlutaðeigandi ráðuneyti

Umsókn um framhaldsskólanám í Noregi **BLÁTT**

Í Noregi getur í sumum tilvikum reynst erfiðleikum bundið fyrir norræna ríkisborgara að hefja framhaldsskólanám sökum þess að í sumum fylkjum eru ákvæði annarra laga (6. kafli laga um menntamál) túlkuð á þann hátt að ekki megi samþykkja umsókn um skólavist nema umsækjandi sé skráður í þjóðskrá í Noregi og með lögheimili í



viðkomandi héraði við upphaf skólaárs, og helst þegar frestur til að sækja um skólavist rennur út (1. mars).

Hindrun sem Vibeke Hammer-Madsen, Noregi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2017.

Innflutningur á norskum laxaseiðum til Svíþjóðar BLÁTT

Fyrirtækjum, sem hafa hug á að hefja laxeldi í landstöðvum, er óheimilt samkvæmt sænskum lögum að flytja inn laxaseiði frá Noregi eða Færeyjum. Bannið gerir sænskum eldisfyrirtækjum erfitt um vik að færa út kvíarnar, en innflutningur laxaseiða frá Noregi gæti aukið samkeppnishæfni greinarinnar.

Hindrun sem Eva Tarselius-Hallgren, Svíþjóð, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2017.

Fjögurra mánaða reglan í Finnlandi BLÁTT

Í aðdraganda stækkunar Evrópusambandsins árið 2004 voru settar í Finnlandi reglur um búsetutengda aðstoð sem hafa í för með sér að fólk, sem er ekki búsett í Finnlandi og hefur starfað þar sem launþegar skemur en fjóra mánuði, nýtur ekki allra sömu réttinda í almannatryggingakerfinu og það hefði ella notið á grundvelli búsetu sinnar í Finnlandi.

Hindrun sem Kimmo Sasi, Finnlandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2014.

Kröfur sem varða ferðaskilríki í tengslum við flug innan Norðurlanda BLÁTT

Í ferðum innan Norðurlanda er fólk með norrænt ríkisfang ekki skylt að sýna vegabréf, heldur aðeins gild persónuskilríki. Sænska lögreglan greindi frá því árið 2018 að norrænt flugfélag hefði meinað ferðamönnum, sem ætluðu til annars norræns lands, að ganga um borð með vísan til reglna flugfélagsins um vegabréf. Kröfur um að vegabréf sé sýnt brjóta gegn reglum norræna vegabréfasambandsins.

Hindrun sem Siv Friðleifsdóttir, Íslandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2018.

Óljós réttur til almannatrygginga hjá þeim starfsmönnum EES sem vinna bæði í Svíþjóð og Danmörku BLÁTT

Hindrun sem Bertel Haarder, Danmörku, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2018.



Kröfur um gögn vegna skráningar í þjóðskrá í Noregi **BLÁTT**

Við flutning til Noregs frá öðru norrænu landi til lengri dvalar en sex mánaða er fólki með norrænt ríkisfang, og þá einnig norskum ríkisborgurum, skylt að sækja um skráningu í þjóðskrá hjá Skatteetaten í Noregi. Kröfur um framlagningu gagna eru ólíkar því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.

Hindrun sem Vibeke Hammer-Madsen, Noregi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2017.

Réttur til starfsleyfis til að sinna pólitísku starfi í öðru norrænu ríki **BLÁTT NO***

Þau sem búa í einu landi og starfa í öðru eiga ekki rétt á starfsleyfi til að sinna pólitískum störfum í búsetulandinu. Þetta getur aftrað þeim frá að taka að sér pólitísk verkefni.

Hindrun sem Eva Tarselius-Hallgren, Svíþjóð, og Bertel Haarder, Danmörku, hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2014.

Viðurkenning á grænenskum ökuskírteinum **BLÁTT** leyst í Danmörku*

Heimilt er að nota grænenskt ökuskírteini í 90 daga eftir flutning til Danmerkur en að þeim tíma liðnum er skylt að taka próf til að staðfesta aksturshæfni. Próf til að staðfesta aksturshæfni verður að teljast tilgangslaust ef ökumaður hefur þegar haft akstursheimild í 90 daga. Á Norðurlöndum gilda mismunandi reglur um færeysk ökuskírteini annars vegar og grænensk hins vegar, og eru reglurnar um færeysk skírteini oft hagfelldari en þær sem gilda um grænensk skírteini. Heimilt er að nota færeyskt ökuskírteini í Danmörku án þess að endurnýja skírteinið eða gangast undir ökuþróf.

Hindrun sem Lisbeth Møller Jensen, Grænlandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2014.

Norrænir sjúkraliðar í Danmörku – veiting réttinda/heimildar til að starfa sem *social- og sundhedsassistent* **BLÁTT NO***

Hindrun sem Bertel Haarder, Danmörku, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2018.

Lægri fæðingarorlofsgreiðslur vegna námslána eða námsstyrkja frá „röngu“ landi **BLÁTT**

Hindrun sem Eva Tarselius-Hallgren, Svíþjóð, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2019.



Mál sem merkt eru með * hafa verið leyst að hluta, þ.e. ekki í öllum hlutaðeigandi ríkjum.

Mál sem felld hafa verið niður í hlutaðeigandi ráðuneyti. Mál sem hlotið hafa afgreiðslu án þess þó að lausn hafi fundist.

Tilhögun skattskila í Noregi torveldar framkvæmd verkefna í byggingariðnaði

BLÁTT

Fyrirtæki, meðal annars í byggingariðnaði, sem taka að sér tímabundin verkefni í Noregi mæta miklum erfiðleikum í samskiptum sínum við stjórnsýslustofnanir, jafnvel þótt um sé að ræða stök verkefni sem standa aðeins um nokkurra mánaða skeið. Forsvarsmenn fyrirtækjanna telja að skattyfirvöld í Noregi afgreiði mál með vísan til norskra reglna, en ekki ákvæða norræna tvísköttunarsamningsins. Þetta hefur leitt til þess að tvö af hverjum þremur dönskum fyrirtækjum gefast upp í tilraunum sínum við að hefja starfsemi á norska markaðnum – annað hvort strax í upphafi eða áður en ár er liðið.

Hindrun sem Vibeke Hammer-Madsen, Noregi, og Bertel Haarder, Danmörku, hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2015.

Tímafrek formsatriði vegna millilandaflutninga á sýnum úr sjávarspendýrum

BLÁTT

Hindrun sem John Johannessen, Færeyjum, og Lisbeth Møller Jensen, Grænlandi, hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2018.

Tímabundinn flutningur á hestum milli Noregs og Svíþjóðar **BLÁTT**

Algengt er að dýraeigendur lendi í miklum erfiðleikum þegar þeir hyggjast flytja hesta sína yfir landamærin milli Noregs og Svíþjóðar, annað hvort til keppni eða æfinga.

Hindrun sem Vibeke Hammer-Madsen, Noregi, og Eva Tarselius-Hallgren, Svíþjóð, hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2017.



Önnur forgangsmál á sviði stjórnsýsluhindrana sem Stjórnsýsluhindranaráð hefur unnið að á tímabilinu 1. júlí 2018–30. júní 2019

Sjúkrabætur fyrir ferðir sjúklinga milli Noregs og Finnlands/Svíþjóðar **GRÆNT SE**

Launþegar sem búsettir eru í Finnlandi eða Svíþjóð en sækja vinnu í Noregi, og njóta þar með almannatrygginga og eru skattskyldir í Noregi, eiga ekki sama rétt til bóta vegna ferða sem þeir fara frá heimili sínu í Finnlandi eða Svíþjóð til að sækja sér lækniástoð eða umönnun á sjúkrahúsi í Noregi og vinnufélagar þeirra sem eru bæði búsettir og sækja vinnu í Noregi.

Hindrun sem Eva Tarselius-Hallgren, Svíþjóð, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2017.

Viðurkenning á færeyskum ökuskírteinum **GRÆNT**

Færeysku ökuskírteini fæst ekki skipt fyrir sænskt eða finnskt skírteini við búferlaflutning til þessara landa.

Hindrun sem John Johannessen, Færeyjum, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2014.

Viðurkenning á grænenskum ökuskírteinum **GRÆNT (óleyst í öðrum norrænum ríkjum en DK)**

Heimilt er að nota grænenskt ökuskírteini í 90 daga eftir flutning til Danmerkur en að þeim tíma liðnum er skylt að taka próf til að staðfesta aksturshæfni. Próf til að staðfesta aksturshæfni verður að teljast tilgangslaust ef ökumaður hefur þegar haft akstursheimild í 90 daga. Á Norðurlöndum gilda mismunandi reglur um færeysk ökuskírteini annars vegar og grænensk hins vegar, og eru reglurnar um færeysk skírteini oft hagfelldari en þær sem gilda um grænensk skírteini. Heimilt er að nota færeyskt ökuskírteini í Danmörku án þess að endurnýja skírteinið eða gangast undir ökuþróf.

Hindrun sem Lisbeth Møller Jensen, Grænlandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2014.

Réttur til starfsleyfis til að sinna pólitísku starfi í öðru norrænu ríki **GRÆNT SE DK**

Þau sem búa í einu landi og starfa í öðru eiga ekki rétt á starfsleyfi til að sinna pólitískum störfum í búsetulandinu. Þetta getur aftrað þeim frá að taka að sér pólitísk verkefni.



Hindrun sem Eva Tarselius-Hallgren, Svíþjóð, og Bertel Haarder, Danmörku, hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2014.

Kennitala fyrir erlenda eigendur sumarbústaða í Svíþjóð **GRÆNT**

Erlendum eigendum sumarbústaða í Svíþjóð getur reynst erfitt að skrá sig fyrir rafmagni, síma og nettengingu þar sem þeir hafa hvorki venjulega sænska kennitölu né kennitölu fyrir einstaklinga utan þjóðskrár.

Hindrun sem Eva Tarselius-Hallgren, Svíþjóð, og Bertel Haarder, Danmörku, hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2014.

Færeysk ökuritakort **GRÆNT**

Færeyskum atvinnubílstjórum reynist örðugt að fá útgefin rafræn ökuritakort í Færeyjum. Bílstjórar geta því ekki skráð aksturstíma sinn í samræmi við reglur sem gilda í Danmörku og annars staðar á Norðurlöndum.

Hindrun sem John Johannessen, Færeyjum, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2014.

Mismunandi kröfur um merkingu lyfja og um tungumál á fylgiseðlum með lyfjum **GRÆNT**

Á Norðurlöndum eru kröfur um merkingu lyfja breytilegar frá einu landi til annars. Fyrir kemur að fullnægja þurfi mismunandi lagaákvæðum um merkingar þótt samræmdar reglur gildi um lyfin sjálf. Fyrirtæki þurfa oft ekki aðeins að þýða merkingarnar, heldur láta endurhanna umbúðirnar að öllu leyti. Afleiðingin er hærra verð til neytenda og minna vöruúrval.

Hindrun sem John Johannessen, Færeyjum, Siv Friðleifsdóttir, Íslandi, Lisbeth Møller Jensen, Grænlandi, og Bertel Haarder, Danmörku hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2016.

Flutningar einstaklinga sem búa á stofnunum **GRÆNT**

Samkvæmt ákvæðum Norðurlandasamnings um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu ber hlutaðeigandi stjórnvöldum að hafa með sér samstarf um að gera öldruðum og þeim sem dvelja á stofnunum kleift að flytja til þess lands sem þeir tengjast sterkustum böndum. Þetta hefur reynst erfitt í framkvæmd þar eð óljóst er hvernig löndin eiga að skipta með sér kostnaði og ábyrgð.

Hindrun sem Bertel Haarder, Danmörku, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2014.



Umönnunarbætur fást ekki greiddar nema umönnunaraðili og sjúklingur njóti báðir trygginga í Svíþjóð **GRÆNT**

Umönnunarbætur eru greiðslur til einstaklings vegna vinnu við umönnun náins ættingja sem þjáist af svo alvarlegum sjúkdómi að líf hans er í mikilli hættu.

Hindrun sem Eva Tarselius-Hallgren, Svíþjóð, og Gunnar Westerholm, Álandseyjum, hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2016.

Tollar og tryggingagjöld vegna millilandaflutninga á vörum **GRÆNT**

Vandkvæða vegna tollgreiðslna verður oft vart í tengslum við tímabundinn innflutning á vörum, ekki síst til Noregs, enda eru norskar tollareglur almennt taldar hafa í för með sér meiri stjórnsýslubyrði og umfangsmeiri gjaldtöku en fyrirtæki eiga að venjast.

Hindrun sem Kimmo Sasi, Finnlandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2017.

Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk **GRÆNT**

Reglur einstakra landa um rétt til ferðapjónustu gera það kostnaðarsamt og flókið fyrir fatlað fólk að ferðast innan Norðurlanda. Vandinn stafar að hluta til af því að ákvarðanir um rétt til ferðapjónustu eru teknar í mismunandi stofnunum og á mismunandi stjórnsýslustigum í norrænu löndunum.

Hindrun sem Vibeke Hammer-Madsen, Noregi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2017.

Leiðsöguhundur á ferðalögum **GRÆNT IS**

Fólk sem ferðast með leiðsöguhund innan Evrópusambandsins þurfa sem stendur að hlíta sömu reglum og ferðamenn sem ferðast með gæludýr. Því fylgir mikill kostnaður og langur afgreiðslutími vegna bólusetninga og útgáfu vottorða fyrir hundinn.

Hindrun sem Siv Friðleifsdóttir, Íslandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2018.



Persónulegur aðstoðarmaður við búferlaflutninga **GRÆNT**

Mjög hreyfihömluðu fólki með persónulegan aðstoðarmann getur reynt erfitt að halda aðstoðarmanninum í tengslum við búferlaflutninga. Rétturinn til aðstoðarmanns er metinn sérstaklega í hverju landi og ráðningarkjör persónulegra aðstoðarmanna eru ólík eftir löndum.

Hindrun sem Vibeke Hammer-Madsen, Noregi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2017.

Viðurkenning foreldratengsla í fjölskyldum með samkynja foreldrum **GRÆNT SE**

Í sumum Norðurlandanna eru foreldratengsl sem til hefur stofnast á grundvelli samþykkis ekki viðurkennd ef foreldrarnir eru af sama kyni og hafa eignast barnið með aðstoð tæknifrjóvgunar.

Hindrun sem Siv Friðleifsdóttir, Íslandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2017.

Verðmætaflutningar yfir landamæri **GRÆNT**

Kröfur, sem finnsk verðmætaflutningafyrirtæki og starfsmenn þeirra verða að fullnægja samkvæmt sænskum reglum til þess að mega flytja evrur frá verslunum í hinum sænska hluta Torneå Haparanda, valda því að fyrirtækin verða að koma sér upp ýmsum viðbótarbúnaði og greiða kostnað við viðbótarmenntun starfsmannanna. Þessar kröfur gera finnskum verðmætaflutningafyrirtækjum í reynd ókleift að sækja evrur til verslana Svíþjóðarmegin landamæranna og flytja þær beint í finnskan banka.

Hindrun sem Kimmo Sasi, Finnlandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2017.

Réttur til atvinnuleysisbóta í framhaldi af launalausum leyfi og uppsögn úr starfi í Noregi **GRÆNT**

Launþegar sem eru búsettir í Svíþjóð og hafa fengið launalaust leyfi frá starfi í Noregi eða Finnlandi eiga erfitt með að fá atvinnuleysisbætur.

Hindrun sem Kimmo Sasi, Finnlandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2017.

Læringsstöður í Danmörku og Svíþjóð **GRÆNT**

Hindrun sem Bertel Haarder, Danmörku, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2018.



Norrænir sjúkraliðar í Danmörku – veiting réttinda/heimildar til að starfa sem social- og sundhedsassistent **GRÆNT SE**

Hindrun sem Bertel Haarder, Danmörku, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2018.

Dreifitálmun **GRÆNT**

Hindrun sem Bertel Haarder, Danmörku, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2018.

Hraðari upplýsingagjöf til þeirra sem búa erlendis **GRÆNT**

Hindrun sem Gunnar Westerholm, Álandseyjum, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2018.

Starfsþjálfun sálfræðinga á Álandseyjum **GRÆNT**

Sænskir sálfræðinemar geta ekki lokið skyldubundinni starfsþjálfun sinni að öllu leyti á Álandseyjum sökum þess ákvæðis í gildandi reglum að starfsþjálfunin verði að fara fram í Svíþjóð að hluta til enda þótt sams konar þjálfun sé veitt á Álandseyjum. Starfsmenn forðast Álandseyjar af þessum sökum með þeim afleiðingum að örðugra verður á komandi árum að fá til starfa skólasálfræðinga, meðal annarra.

Hindrun sem Gunnar Westerholm, Álandseyjum, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2018.

Íslensk börn sem flytjast til Danmerkur eru látin setjast í lægri bekk í skóla en jafnaldrar þeirra **GRÆNT**

Fréttir hafa borist af því að sum íslensk börn hafi verið látin setjast í lægri bekk í skóla eftir flutning til Danmerkur.

Hindrun sem Siv Friðleifsdóttir, Íslandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2018.

Talnegögn frá landamærasvæðum **GRÆNT**

Hindrun sem Eva Tarselius-Hallgren, Svíþjóð, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2019.



Upplýsingagjöf til útlanda þegar fólk með tvöfalt ríkisfang fellur frá **GRÆNT**

Hindrun sem Gunnar Westerholm, Álandseyjum, og Kimmo Sasi, Finnlandi, hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2019.

Greiðslur úr félagslega kerfinu þegar vafi leikur á því hvaða land ber greiðsluskyldu **GRÆNT**

Hindrun sem Kimmo Sasi, Finnlandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2019.

Innheimta meðlagsgreiðslna **GRÆNT**

Hindrun sem Siv Friðleifsdóttir, Íslandi, hefur sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2019

Umfjöllun færð ofar á vettvangi stjórnmalanna

Stjórnsýsluhindranaráð hefur allt frá fyrsta starfstímabili sínu sinnt neðangreindum þremur stjórnsýsluhindrunum sem forgangsmálum. Sú vinna hefur skilað þeim árangri að með hinni nýju framkvæmdaáætlun um frjálsta för milli Norðurlanda færast þessar þrjár hindranir ofar á vettvangi stjórnmalanna, þ.e. til hlutaðeigandi fagráðherranefnda. Stjórnsýsluhindranaráð fylgist með vinnu fagráðherranefndanna við afnám stjórnsýsluhindrana og er þeim innan handar þegar óskað er eftir.

Viðurkenning starfsréttinda **GRÆNT**

Á Norðurlöndum njóta margar starfsgreinar verndunar, annað hvort af hálfu hins opinbera – t.d. samkvæmt lögum – eða á grundvelli reglna sem settar hafa verið í einstökum greinum atvinnulífsins. Slík ákvæði eru í sumum tilvikum mismunandi milli norrænu ríkjanna og hindra því frjálsta för launþega.

Hindrun sem Paula Lehtomäki, Norrænu ráðherranefndinni, Kimmo Sasi, Finnlandi, John Johannessen, Færeyjum, Vibeke Hammer-Madsen, Noregi, og Bertel Haarder, Danmörku, hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2014.

Mismunandi byggingarreglugerðir **GRÆNT**

Mismunandi ákvæði byggingarreglugerða á Norðurlöndum torvela starfsemi verktaka og hamlar viðskiptum milli landanna.

Hindrun sem Bertel Haarder, Danmörku, Kimmo Sasi, Finnlandi, og Gunnar Westerholm, Álandseyjum, hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2014.



Stafræn tækni sem notuð er til samskipta við hið opinbera virkar ekki þvert á landamæri norrænu ríkjanna **GRÆNT**

Stafræn tækni á borð við rafræn skilríki eða rafrænar undirskriftir, sem opinberar stofnanir á Norðurlöndum nota í samskiptum sínum við einstaklinga og fyrirtæki, virka ekki þvert á landamæri ríkjanna.

Hindrun sem Siv Friðleifsdóttir, Íslandi, John Johannessen, Færeyjum, Kimmo Sasi, Finnlandi, og Eva Tarselius-Hallgren, Svíþjóð, hafa sinnt sem forgangsmáli frá árinu 2016.



Fylgiskjal 2 – Greinargerð fagsviðanna

Ný og yfirstandandi verkefni á fagsviðunum

1. Félags- og heilbrigðismál, MR-S

Breyttar áherslur að því er varðar stjórnýsluhindranir sem falla undir MR-S

Vinna MR-S/EK-S við afnám stjórnýsluhindrana á Norðurlöndum hefur að miklu leyti beinst að hindrunum sem fjallað var um í skýrslunni „Gränshinder i Norden på social- och arbetsmarknadsområdet“ (Stjórnýsluhindranir á Norðurlöndum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, 2012). Mörgum þessara fyrstu stjórnýsluhindrana hefur verið rutt úr vegi og ýmsar þeirra sem eftir standa eru þess eðlis að finna þarf lausn á þeim innanlands eða í samstarfi við önnur Evrópuríki. Stöðuskýrslur undanfarinna ár hafa af þessum sökum verið nær óbreyttar í hverju tilviki frá næstu skýrslu á undan.

EK-S ákvað því í október 2016 að leggja framvegis mesta áherslu á að fylgja eftir fáeinum stjórnýsluhindrunum sem hafa verið ofarlega á baugi á vettvangi stjórnmalanna, og sinna ekki lengur með samræmdum hætti þeim hindrunum sem enn standa eftir af þeim sem fram komu í skýrslunni „Gränshinder i Norden på social- och arbetsmarknadsområdet“. MR-S/EK-S hyggst framvegis leggja mesta áherslu á stjórnýsluhindranir sem unnt er að leysa með norrænu samstarfi.

Mál sem varða stjórnýsluhindranir eru tekin til umfjöllunar eftir þörfum í þeim hópum MR-S sem sinna almannatryggingamálum annars vegar og aðstoðarmálum hins vegar. Hóparnir geta einnig sent EK/MR-S nýjar stjórnýsluhindranir til umfjöllunar og ber að leggja sérstaka áherslu á ákvarðanir um slíkar hindranir í norrænu samstarfi á sviði félags- og heilbrigðismála.

Tekið skal fram að MR-S/EK-S hefur ráðist í ýmis verkefni í því skyni að ryðja stjórnýsluhindrunum úr vegi og auðvelda frjálsa för milli Norðurlanda. Þar er m.a. um að ræða eftirtalið:

Hleypt verður af stokkunum fastmótuðum verkefnum á sviði sjaldgæfra sjúkdóma og mjög sérhæfðar meðferðar á grundvelli tillagna norræns starfshóps um mjög sérhæfða meðferð og norræns samstarfsnets um sjaldgæfar sjúkdómsgreiningar.

Eitt af áherslusviðum framkvæmdaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks 2018–2022 er að auðvelda frjálsa för og ryðja úr vegi stjórnýsluhindrunum sem varða umfram allt fólk með fötlun.

MR-S hefur tekið saman bréf til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í tilefni af væntanlegri endurskoðun evrópsku lyfjalöggjafarinnar og vekur þar máls á því hvort löndin geti tekið sig saman um að nota aðeins rafræna fylgiseðla til þess að tryggja fullnægjandi lyfjaframboð, einkum í löndum með litlum málsvæðum.



Árið 2019 var ákveðið að nokkur hluti fjárveitingar vegna aðgerða til að auðvelda frjálsa för yrði nýttur til að halda málþing um aðgang heyrnarlausra að táknmálastúlkun í tengslum við ferðir, störf, nám eða búferlaflutninga á Norðurlöndum, svo og um réttindi heyrnarlausra til túlkunar á grundvelli félagsmálasáttmálans.

2. Menntamálasvið, MR-U

Stjórnarsýsluhindranir sem njóta forgangs

Viðurkenning starfsréttinda

Nr. 14-122 í gagnagrunni um stjórnarsýsluhindranir.

Margar starfsgreinar njóta verndunar, annað hvort af hálfu hins opinbera, t.d. samkvæmt lögum, eða á grundvelli reglna sem settar hafa verið í einstökum greinum atvinnulífsins. Slík ákvæði eru mismunandi milli norrænu ríkjanna og hindra því frjálsa för launþega.

Forgangsmál í Stjórnarsýsluráði.

Staða:

Norræna ráðherranefndin telur að opinberar reglur um viðurkenningu löggiltra starfsgreina á Norðurlöndum þjóni hlutverki sínu vel og hindri í meginatriðum ekki frjálsa för launþega. Þetta er niðurstaða þeirrar kortlagningar opinberra reglna á Norðurlöndum um viðurkenningu umsækjenda sem hlotið hafa menntun og starfsréttindi erlendis sem Norræna ráðherranefndin lét vinna árið 2017 með það fyrir augum að draga úr stjórnarsýsluhindrunum milli norrænu ríkjanna, Færeyja, Grænlands og Álandseyja. Kortlagningin tók einnig til þeirra sem hafa aflað sér menntunar og/eða starfsréttinda í landi utan Norðurlanda og Evrópusambandsins. Kortlagningunni var lýst í skýrslunum „Utdanning, Arbeid og Integrering i Norden – Delrapport 1“ og „Utdanning, Arbeid og Integrering i Norden – Delrapport 2“.

Til þess að fylgja skýrslunum eftir var í febrúar 2019 skipaður sérstakur starfshópur sem falið var að skoða hvaða leiðir mætti fara til að auka notkun stafrænna lausna í tengslum við viðurkenningu erlendra menntunar og starfsréttinda í því skyni að gera ferlið vandaðra og skilvirkara. Þá er áformað að frá haustinu 2019 verði byrjað að athuga hvernig breikka megi núverandi norrænt samstarf um viðurkenningu á vitnisburði um æðri menntun þannig að það nái einnig til annarra tegunda vitnisburðar, til að mynda á sviði starfsmenntunar.

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar verður einnig hleypt af stokkunum tilraunaverkefni sem fólgið verður í því að velja eina eða tvær tiltekna starfsgreinar og rannsaka hvort þær geti sinnt þessu verkefni með því að setja sér sjálfar reglur. Greinarnar verða valdar með það í huga að hefja viðræður við fulltrúa hvernar



starfsgreinar um hvert umfang reglnanna ætti að vera og hvernig þær gætu nýst til að tryggja frjálsa för á norrænum vinnumarkaði.

Samstarfsráðherrarnir samþykktu framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherra nefndarinnar um frjálsa för milli Norðurlanda 2019–2021 hinn 7. febrúar 2019. Samkvæmt áætluninni á Norræna ráðherra nefndin meðal annars að vinna að því að tryggja að eftirtalin markmið náist fyrir tilstuðlan MR-U í samvinnu við menntamálasviðið: 1. Gagnkvæm viðurkenning á menntun, 2. sjálfvirk viðurkenning og 3. gagnkvæm viðurkenning á starfsréttindum og faggildingu. Með þessum hætti eru nán tengsl milli framkvæmdaáætlunarinnar annars vegar og yfirstandandi og áformaðrar starfsemi á þessu sviði hins vegar.

Að öðru leyti vísast til svars Norrænu ráðherra nefndarinnar við tilmælum 19/2016 Samræming á vinnureglum og viðurkenning á menntun auðveldi frjálst flæði vinnuafis.

3. Vinnumálasvið, MR-A – Stjórnsýsluhindranir sem njóta forgangs

Stjórnsýsluhindranir sem ekki hefur verið leyst úr

Viðbótarkröfur um unnin störf til að geta lagt saman starfs- og tryggingartímabil frá öðru landi þegar sótt er um atvinnuleysisbætur

Nr. 14-090 í gagnagrunni um stjórnsýsluhindranir.

Þegar starfs- og tryggingartímabil frá öðru norrænu landi eru lögð saman gera sum löndin viðbótarkröfur um að einstaklingurinn hafi starfað í tiltekinn tíma í landinu.

Staða: Reglum í Noregi var breytt haustið 2011. Eftir þá breytingu er þess ekki lengur krafist að launþegi hafi unnið í landinu í átta vikur eða lengur til þess að heimilt sé að leggja saman starfstímabil og réttindatímabil í almannatryggingakerfi annars EES-ríkis þegar sótt er um atvinnuleysisbætur. Hindruninni hefur því verið rutt úr vegi í Noregi. Svíar telja að hindrunin eigi ekki við í Svíþjóð. Vera kann að lausn verði fundin á vettvangi Evrópusambandsins í tengslum við túlkun á ákvæðum 6. kafla reglugerðar (EB) nr. 883/2004. Í Danmörku og Finnlandi er þess beðið að slíkri umfjöllun um 6. kafla reglugerðar nr. 883/2004 ljúki.

Langur afgreiðslutími ESB-mála

Nr. 14-042 í gagnagrunni um stjórnsýsluhindranir.

Afgreiðslutími umsókna um almannatrygginga- og atvinnuleysisbætur er mislangur á Norðurlöndum. Afgreiðslutími ESB-mála getur orðið enn lengri sökum þess að stofnunin sem á í hlut getur þurft að afla sér upplýsinga frá samsvarandi stofnun í öðru landi. Þetta getur valdið þeim sem um ræðir erfiðleikum við framfærslu. Mikil fjölgun á atvinnuleysissskrá getur einnig leitt til lengri afgreiðslutíma.



Staða: Hvatt er til þess að áfram verði unnið að styttingu afgreiðslutímans í hverju landi. Haustið 2018 var haldið málþing með þátttöku starfsmanna í stofnunum sem sinna málum af þessu tagi, með það fyrir augum að stytta afgreiðslutíma og bæta samstarf. EK-A hyggst kalla eftir upplýsingum um stöðu þessara mála á árinu 2019 eftir að þau hafa verið rædd í norræna almannatryggingahópnum og norræna atvinnuleysistryggingahópnum.

Hindranir sem rutt hefur verið úr vegi eða hlotið hafa afgreiðslu

Ferðastyrkir fást ekki greiddir vegna atvinnuviðtala í öðrum löndum

Nr. 14-018 í gagnagrunni um stjórnsýsluhindranir.

Atvinnuleitendur geta fengið ferðastyrk vegna atvinnuviðtala innanlands en ekki vegna atvinnuviðtala í öðrum löndum.

Staða: Litið er svo á að hindruninni hafi verið rutt úr vegi í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi. Samkvæmt ákvörðun EK-A, sem tekin var með skriflegri meðferð, telst þessari stjórnsýsluhindrun hafa verið rutt úr vegi í löndunum sem um ræðir.

Krafa um samfellda aðild að atvinnuleysistryggingum í mismunandi löndum til að ekki sé hætt á skerðingu atvinnuleysisbóta

Nr. 14-004 í gagnagrunni um stjórnsýsluhindranir.

Einstaklingur sem búsettur er í einu landi og hefur störf í öðru en öðlast ekki aðild að atvinnuleysistryggingasjóði frá fyrsta starfsdegi getur átt á hættu að atvinnuleysisbætur verði skertar vegna rofs á tryggingatímabili.

Forgangsmál í Stjórnsýsluráði.

Staða: Hindruninni hefur verið rutt úr vegi með laga- og reglugerðarbreytingum sem öðluðust gildi 2. júlí 2018. Í lögunum kemur nú skýrt fram að forsenda þess að öðlast rétt til tekjutengdra bóta er samfelld aðild að sjóðnum um að minnsta kosti tólf mánaða skeið. Í reglugerð er tilgreint í hvaða tilvikum rof á samfelldri aðild að atvinnuleysistryggingasjóði skuli teljast heimilt þegar sjóðurinn metur hvort aðildarskilyrði atvinnuleysistryggingarinnar hefur verið fullnægt.

Í dönsku löggjöfinni er tekið tillit til þess að tryggingatímabil geti rofnað í allt að 8 vikur (2×8 vikur). Stjórnsýsluhindrunin varðar hvorki Noreg né Finnland.

Réttur til atvinnuleysisbóta að loknu tímabili þar sem greiddar voru t.a.m. vinnumatsgreiðslur (arbeidsavklaringspenge) frá Noregi

Nr. 14-034 í gagnagrunni um stjórnsýsluhindranir.



Þegar einstaklingur sem hefur starfað í öðru landi sækir um atvinnuleysisbætur í búsetulandinu þarf hann að afhenda stofnuninni sem metur rétt hans til atvinnuleysisbóta vottorð til staðfestingar á trygginga- og ráðningartímabili í fyrra starfslandi. Ólíkar reglur gilda í löndunum um hvaða tímabil skuli votta og taka tillit til. Greiðslutímabil svonefndra *arbeidsavklaringspenger* teljast ekki til tryggingatímabila samkvæmt norskum lögum og þrengja því réttinn til tekjutengdra atvinnuleysisbóta.

Forgangsmál í Stjórnsýsluráði.

Staða: Viðræður milli hlutaðeigandi stjórnvalda/stofnana í Svíþjóð og Noregi hafa leitt til þess að fram er komin hagnýt lausn sem að sögn hefur reynst fullnægjandi. Svíar telja að sá þáttur málsins sem varðar réttinn til atvinnuleysisbóta hafi verið leystur með því að staðfesting á tímabili komi fram í fylgiskjali. Tekjutengdar bætur fáist þó ekki greiddar þar eð tímabilið þegar AAP eru greiddir geti ekki talist tryggingatímabil sökum þess að enginn réttur til atvinnuleysisbóta stofnast vegna þess tíma í Noregi heldur.

Vinnumálaráðuneytið í Svíþjóð lítur svo á að afar erfitt yrði að leysa þetta með breytingum á sænskri löggjöf. Stjórnsýsluhindranaráð lítur svo á að hindruninni sem varðar staðfestingu á tímabili hafi verið rutt úr vegi og hindrunin sem varðar tekjutengdar bætur hefur verið afgreidd þótt ekki hafi tekist að finna lausn á henni. Á þessum grunni hafa EK-A og MR-A ákveðið að sinna þessari stjórnsýsluhindrun ekki frekar. Áframhaldandi samræður verða milli Norðmanna og Svía um þessa stjórnsýsluhindrun.

Aldursmörk vegna skráningar í sænskan atvinnuleysistryggingasjóð

Nr. 14-092 í gagnagrunni um stjórnsýsluhindranir.

Skráning í sænskan atvinnuleysistryggingasjóð getur ekki átt sér stað eftir að 64 ára aldri er náð. Þetta getur valdið þeim erfiðleikum sem starfað hafa í öðru landi og misst atvinnuna. Án aðildar að atvinnuleysistryggingasjóði myndast enginn réttur til tekjutengdra atvinnuleysisbóta í Svíþjóð.

Staða: Hindruninni hefur verið rutt úr vegi með lagabreytingu sem öðlaðist gildi 2. júlí 2018. Rétturinn til aðildar að atvinnuleysistryggingasjóði er víkkaður og gildir nú til næstu mánaðamóta fyrir mánuðinn sem umsækjandi nær 65 ára aldri.

4. MR-Vækst (atvinnulíf); stjórnsýsluhindranir sem njóta forgangs

Stjórnsýsluhindranir sem ekki hefur verið leyst úr

Hindranir sem sviðið hefur gert að forgangsmálum



Ólíkir staðlar fyrir byggingarefni

Nr. 14-076 í gagnagrunni um stjórnsýsluhindranir.

Staðlar fyrir byggingarefni eru mismunandi á Norðurlöndum og torveldar það viðskipti yfir landamæri og starfsemi byggingarfyrirtækja í fleiri en einu landi. Áhersluatriði að því er varðar stjórnsýsluhindrun 14-076 eru raki, lofthæð, handrið, dyr, gluggar, aðgengi, hljóðvist og brunavarnir.

Forgangsmál í Stjórnsýsluráði

Staða: Hinn 29. maí 2018 var haldinn á vegum MR-VÆKST (atvinnulíf) fundur með ráðherrum byggingarmála í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Íslandi og Álandseyjum og samþykktu þeir yfirlýsingu um að auka norræna samvinnu á þessu sviði. Áhersluatriði yfirlýsingarinnar eru sem hér segir: samræming byggingarreglna, skilvirkari tilhögun skipulags og framkvæmda með aðstoð stafrænnar væðingar, og loftslagsáhrif bygginga þegar litið er til heildarlíftíma þeirra. Samstarfssvið um atvinnustefnu samþykkti hinn 9. október 2018 áætlun um hvernig yfirlýsingunni skyldi fylgt eftir og lýsti yfir að yfirumsjón með áætluninni yrði á hendi sviðsins. Meðal fyrstu aðgerða í því samhengi er að sviðið hefur ákveðið að ráðstafa fjármunum til tilraunaverkefnis um samræmingu á sviði aðgengismála, og í tengslum við undirbúning fjárhagsáætlunar ársins 2020 hefur sviðið lagt til að áhersla verði lögð á að fylgja yfirlýsingunni, en að auki hefur sviðið í áætlun MR-SAM um að auðvelda frjálsa för fengið úthlutað 1 milljón danskra króna til að vinna að samræmingu byggingarreglna.

Fyrir tilstuðlan Nordic Innovation hélt samstarfssvið um atvinnustefnu ásamt Standard Norge einnig norrænan samræðufund um byggingarstaðla hinn 11. desember 2018. Tilgangur fundarins var að gefa fulltrúum staðlasamtaka og stjórnvalda tækifæri til að hittast og styrkja þannig samvinnu þeirra í milli um samræmingu byggingarreglna og byggingarstaðla. Rætt var um hugsanlega samvinnu norrænu ríkjanna um Eurocodes með það að markmiði að móta sameiginleg viðmið um gerð þjóðarviðauka, og hvernig tryggja mætti á norrænum vettvangi að sama aðferð verði notuð við innleiðingu alþjóðastaðla í löggjöf allra norrænu ríkjanna.

Ásmundur Einar Daðason, íslenski félagsmálaráðherra, hefur boðað ráðherra byggingar- og húsnæðismála til fundar hinn 10. október 2019.



5. MR-DIGITAL

Stafræn tækni sem notuð er til samskipta við hið opinbera virkar ekki þvert á landamæri norrænu ríkjanna

Stafræn tækni á borð við rafræn skilríki eða rafrænar undirskriftir, sem opinberar stofnanir á Norðurlöndum nota í samskiptum sínum við einstaklinga og fyrirtæki, virka ekki þvert á landamæri ríkjanna.

Á vegum MR-DIGITAL verður haustið 2019 hafin vinna við tölvuskeytasendingar milli hins opinbera og almennings (G2C). Verkefnið verður þáttur í viðameiri starfsáætlun sem ætlað er að tryggja aðgang að stafrænni þjónustu þvert yfir landamæri. Fyrsta skrefið verður að kortleggja þær lausnir sem Norðurlönd (og Eystrasaltsríkin) hafa notast við. Útboð hefur verið auglýst og þess er að vænta að ráðgjafarfyrirtæki ljúki kortlagningunni fyrir fund MR-DIGITAL í nóvemberlok. Næsta verkefni verður síðan að skoða hvernig tengja má lausnirnar þvert á landamæri til þess að gera stjórnvöldum hvers norræns lands kleift að nota netföng íbúa í öðru landi. Þessi vinna hefst árið 2020 undir forystu Danmarks Digitaliseringsstyrelse.